

Ed.

747. Nefndarálit

[233. mál]

um frv. til laga um váttryggingastarfsemi.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Alþýðubandalagið hefur það á stefnuskrá sinni, að öll váttryggingastarfsemi hér-
lendis verði á einni hendi og ein ríkistrygging gildi. Í svo smáu þjóðfélagi sem okkar
er það einnig eina réttlætanlega fyrirkomulagið.

Hér starfa í dag fjölmörg tryggingafélög, sem hafa eins konar samtryggingu sín
á milli í stað þeirrar „eðlilegu og heilbrigðu“ samkeppni, sem oft er á orði höfð af
fylgismönnum óhefts einkaframtaks. Undirritaður vill við þetta tækifæri undir-
stríka nauðsynina á gerbyltingu þessara mála í heild í stað þess fáránlega ofhlæðis,
sem í dag ræður ríkjum.

Undirritaður viðurkennir þó þörfina á löggjöf um þessa starfsemi og eftirlit og
aðhald, svo sem að var stefnt með lögunum frá 1973, fyrst þessi skipan er á váttrygg-
ingastarfsemi í landinu. Undirritaður telur ekki heldur að breytingarnar séu nei-
kvæðar og einstaka sé meira að segja til bóta.

Engin rök hafa hins vegar verið færð fram fyrir því, að nauðsyn sé á lögfestingu
þeirra nú í þinglok, þegar svo margt kallar að og enginn kostur er að taka málið til
þeirrar meðferðar sem þyrfti. Undirritaður studdi löggjöf um váttryggingastarfsemi
á sínum tíma ekki hvað síst á þeim forsendum, að tryggingaeftirliti var þá komið á.
Það lágu ágæt markmið þar að baki og eflaust getur slíkt eftirlit verið virkt og haft
hin jákvæðustu áhrif.

Hins vegar leynir undirritaður hvergi vonbrigðum sínum með ýmislegt hjá trygg-
ingaeftirlitinu, m. a. því, hversu tryggingafélögin virðast fá uppáskrift þessa eftirlits
varðandi óhæfilegar hækkanir tryggingagjalda.

Ríkisstjórn þeirri, sem nú situr og slær hvert metið af öðru í verðhækkunum,
hefur meira að segja þótt nóg um og lækkað prósentuna í gjaldhækkunum frá því
sem tryggingaeftirlitið hefur lagt blessun sína yfir. Fylgi undirritaðs við trygginga-
eftirlit af þessu tagi hefur því farið sbrakandi og lætur hann sig því litlu skipta,
hvort þessi stofnun hefur stjórn eður eigi.

Það jákvæðasta, sem undirritaður hefur séð í þessu máli nú, hefur komið fram
í breytingartillögu Alberts Guðmundssonar, sem undirritaður hefur tjáð sig fylgjandi.

En með tilliti til aðalstefnu undirritaðs í tryggingamálum og þess, að engin nauð-
syn knýr á um lögfestingu þessa frumvarps, leggur hann til, að afgreiðslu þess verði
frestað til næsta þings, og tekur því ekki þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi. 26. apríl 1978.

Helgi F. Seljan.